

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Erum einnig á visir.is

DESEMBER 2021

12. tbl. 28. árg.

Öll lyf á
lágmarksverði
og samheitalyf
líka!



Gleðilega
happahátíð!

Jóladagatalið
er komið í sölu



Happaþrennan

Skemmtilegt að skafa!



Roðagyllt Seljakirkja

Seljakirkja er roðagyllt. Er það liður í átaki Soroptimista eins og mörg undanfarin ár þegar þeir slást í för með um 6000 samtökum í 187 löndum sem leidd eru af Sameinuðu þjóðunum til að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi gegn stúlkum og konum með þátttöku í 16 daga átakanu. Roðagyllt Seljakirkja minnir ekkert síður jólin en átak Soroptimista enda fer það vel saman. Nánar um átak Soroptimista á bls. 9.

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN
578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi
www.bilarogtjon.is



Erum á Óðinsgötu 1

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid
Netverslun: systrasamlagid.is

 **Brynja**

Hinn eini sanni Brynjuís
nú kominn í Lóuhólana!

 **Brynja**

Pitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

LIND

FASTEIGNASALA

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

VIÐ  BREIÐHOLTID



OPNUNARTÍMAR ICELAND Í BREIÐHOLTINU:
Vesturberg - Arnarbakki - Seljabraut:
Virka daga 07:00-24:00 - Helgar 09:00-24:00

Iceland

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

12. tbl. 28. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Nýtt Breiðholt

Byggingu Breiðholtins má líkja við kraftaverk. Ekkert sambærilegt verkefni hafði verið leyst í Reykjavík og hefur ekki verið síðan. Þar tóku ríki og höfuðborg höndum saman.

Húsnæðisskortur hafði verið alvarlegt vandamál í borginni allt frá því hún hóf að rísa sem borg. Fyrir og um miðja liðna öld urðu miklar búsetubreytingar í landinu sem hafa haldist að nokkru. Fólk sækir af landsbyggðinni að Faxaflóanum. Höfuðborginni sem næstu byggðum.

Húsnæðisvandinn hefur vaxið það sem af er þessari öld. Áhrif bankahrunsins koma þar við sögu. En einnig að íbúaf lutningum er ekki lokið. Þeir lýkur eflaust aldri. Þeir eru hluti af þjóðfélagsþróun.

Brugðist hefur verið við þessu með því að þetta byggð í dreifbýlli Reykjavík. Með því hefur nokkur árangur náðst. En vísast dugar það ekki til.

Nú er svo komið að farið er að ræða um þörf á nýju átaki sem líkja megi við Breiðholtsátakið á sjöunda áratug og fram á þann áttunda liðinnar aldar.

En hvar ætti nýtt Breiðholt að rísa. Landrými er takmarkað innan ramma hafs og fjalla. Hugsanlega þarf að líta út fyrir borgina og jafnvel allt höfuðborgarsvæðið. Hvar sem nýtt Breiðholt mynd rísa þarf það að innihalda sömu innviði og Breiðholtið hefur. Flest fólk kærir sig lítið um svefnbæi þaðan sem allt þarf að sækja um lengri veg.

Að finna land undir nýtt Breiðholt er ef til vill mesti höfuðverkur skipulags- og borgaryfirvalda í dag.

Hverfisskipulag Breiðholts samþykkt

Stefnt að sjálfbærari og vistvænni byggð



Jórufell í Efra Breiðholti. Félagsbústaðir og Reykjavíkurborg hafa í hyggju að ráðast í róttækar breytingar þar sem félagslegar íbúðir eru margar á einum stað. Efna á til skipulagssamkeppni og ekki er útilokað að hluta af núverandi húsnæði við Jórufell verði gjörbreytt eða það jafnvel rífið að einhverju leyti að því kemur fram í bók Dags B. Eggertssonar borgarstjóra.

Nýtt hverfisskipulag fyrir öll hverfi Breiðholts hefur verið samþykkt í borgarráði eftir formlegt og lögbundið kynningar- og samþykktarferli. Megin markmið hverfisskipulags eru vistvæn og heilsueflandi borgarhverfi þar sem mið er tekið af óskum íbúa. Hverfisskipulag er deiliskipulag fyrir gróin hverfi sem á að stuðla að jákvæðri þróun Reykjavíkur. Hvert skipulag tekur sinn tíma og því æskilegt að búa yfir verkfærum til að próa hverfi í takt við breyttan tíðaranda og gefa húseigendum tækifæri til breytinga á þægilegri hátt en áður í samræmi við óskir og þarfir þeirra. Það er nauðsynlegt að rjúfa kyrrstöðu sem víða hefur ríkt og gera íbúum auðveldara að ráðast í breytingar segir í frétt frá Reykjavíkurborg.

Hverfisskipulag fyrir Breiðholt er afrakstur víðtæks samráðsferlis sem stóð yfir frá árinu 2016 til dagsins í dag. Komið er til móts við ákall íbúa um öflugri hverfiskjarna með þróun Arnarbakka og Völvufells og fleiri þróunarreita sem unnir hafa verið samhliða gerð hverfisskipulagsins. Vetrargarðurinn fær til dæmis sinn sess í skipulagi Seljahverfis eins og fyrirhuguð dansmiðstöð í Efra Breiðholti.

Sjálfbærari og vistvænni byggð

Hverfisskipulag Neðra Breiðholt miðar að því að gera byggðina sjálfbærari og vistvænni. Hugað er að gæðum byggðar og til að styrkja byggðamynstur og staðaranda. Nærþjónusta er í Mjódd og hverfiskjarna í Arnarbakka sem á að efla. Sömu sögu er að segja af Seljahverfi. Gæði byggðarinnar í Seljahverfi eiga að aukast með hverfiskjarna með nærþjónustu við Rangársel og bættri íþróttastöðu í Vetrargarði austast í hverfinu. Efla á hverfiskjarna og nærþjónustu í Efra Breiðholti og styrkja miðsvæðið við Austurberg og Gerðuberg sem er hjartað í hverfinu. Stefnt er að sjálfbærara og vistvænna hverfi og fjölgun á stærri fjölskylduíbúðum. Við Völvufell mun nýr leikskóli líta dagsins ljós á grunni hverfisskipulagsins.

Annað dæmi er að í hverfiskjarna í Bökkunum verða græn svæði betur skilgreind með reiti fyrir matjurtaræktun auk þess sem gróðurhúsi til almennra nota verður komið fyrir inn á svæðinu. Íbúðir við Arnarbakka verða alls 90 og skiptast jafnt á milli einstaklings og þriggja herbergja íbúða.

Félagsbústaðir

Samkeppni um að byggja ofan á lyftulaus hús

Efnt verður til samkeppni um byggingu hæðar ofan á nokkur lyftulaus fjölbýlishús í eigu Félagsbústaða. Þar yrði einnig bætt við lyftu. Samkvæmt nýju hverfisskipulagi er heimilt að byggja inndregna hæð ofan á fjölbýlishús í Árbæjarhverfi Breiðholtshverfi.

Ekkert liggur fyrir um áhuga á að nýta sér þessi úrræði en heppilegt er að viðkomandi húsnæði sé í eigu eins og sama aðilans þar sem samþykki allra eigenda mun þurfa fyrir slíkri framkvæmd. Félagsbústaði standa fyrir áðurgreindri samkeppni ásamt Reykjavíkurborg og Arkitektafélagi Íslands. Ætlunin er að finna góðar skipulags- og tæknilausnir sem gætu vakið áhuga húsfélaga og byggingariðnaðarins. Engin



Blokk í Breiðholti.

umsókn um slíka framkvæmd hefur enn borist Reykjavíkurborg. Ef þessi nýi möguleiki

verður alls staðar nýttur gæti þýtt að alls yrðu byggðar um eða yfir eitt þúsund nýjar íbúðir.



**GARÐS
APÓTEK**
- rétt leið

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir
eða fáðu lyfin send heim

Pantaðu á appotek.is
eða í síma 568 0990

Garðs Apótek - í yfir 60 ár

Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð 9-18 virka daga.

Helgihald aðventu og jóla í Breiðholtinu



Fella- og Hólakirkja

16. desember – fimmtudagur

Jólatónleikar kirkjukórsins kl. 19:30

Árlegir tónleikar kirkjukórsins sem slá alltaf í gegn. Kirkjukórinn flytur fjölbreytta og hugljúfa jóladagskrá sem kemur öllum í hátíðarskap.

Kirkjunni verður skipt í sóttvarnarhólf, upplýsingar um miðasölu verða birtar á www.fellaogholakirkja.is.

19. desember

- fjórði sunnudagur í aðventu.

Jólasöngvar við kertaljós kl. 11. Jólhelgistund á aðventu, sungin verða ljúf og falleg jólalög.

Kór Fella-og Hólakirkju flytur fjölbreytta dagskrá í anda jólanna. Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar.

Aðfangadagur jóla 24. desember

Aftansöngur kl. 18.

Sr. Guðmundur Karl Ágústsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur.

Xu Wen syngur einsöng, saxofónleikari Reynir Pormar Þórisson.

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf.

Miðnæturmessu kl. 23:30.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og prédikar.

Félagar úr kór kirkjunnar leiða söng.

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf.

Jóladagur 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sr. Pétur Ragnhildarson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur. Inga J. Backman og Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir syngja einsöng. Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf.

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 18.

Sr. Jón Ómar Gunnarsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur. Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir syngur einsöng og saxofónleikari er Reynir Pormar Þórisson.

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf.

Nýársdagur 1. janúar 2022

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sr. Guðmundur Karl Ágústsson þjónar og prédikar, kór kirkjunnar syngur og Hulda Jónsdóttir og Bjarki Þór Bjarnason syngja einsöng.

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf.

Organisti við guðsþjónusturnar er

Arnildur Valgarðsdóttir.

Ath! Ef breytingar verða á sóttvarnarreglum og fjöldatakmörkunum verða reglur kynntar á fellaogholakirkja.is.



Breiðholtskirkja

19. desember

- Fjórði sunnudagur í aðventu

Jólatré sunnudagaskóla

Breiðholtssafnaðar og Alþjóðlega safnaðarins kl. 11

11 am. The Christmas tree. Family amusements for the International Congregation and the Local Congregation in Breiðholtskirkja.

The International Congregation in Breiðholtskirkja – Advent service at 2pm (childcare during service)

24. desember – Aðfangadagur jóla

Aftansöngur kl. 18.

Sr. Magnús Björn Björnsson þjónar.

25. desember – Jóladagur

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur þjónar.

26. desember – Annar jóladagur

The International Congregation in Breiðholtskirkja – Christmas Service at 2pm. (childcare during service) Pastors: Sr. Toshiki Toma, sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir

31. desember – Gamlársdagur

Aftansöngur kl. 18.

Sr. Magnús Björn Björnsson þjónar.

Prestar/Pastors: sr. Magnús Björn Björnsson, dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson héraðsprestur. Prestar Alþjóðlega safnaðarins/Pastors of ICB: sr. Toshiki Toma, sr. Ása Laufey Sæmundsdóttir.

Kór Breiðholtskirkju syngur við guðsþjónusturnar.

Organisti og kórstjóri/Organist and choirmaster: Örn Magnússon.

Sunnudagaskóli og barnagæsla/ Sunday school and childcare: Steinunn Þorbergsdóttir djákni/deacon, Steinunn Leifsdóttir æskulýðsfulltrúi/youth leader.

Fylgist með Breiðholtskirkju og International Congregation of the National Church of Iceland á facebook og www.breidholtskirkja.is.



Seljakirkja

19. desember fjórði sunnudagur í aðventu.

Barnaguðsþjónusta kl. 11

Jólastund sunnudagaskólans, söngur, gleði og jólasveinar koma í heimsókn

Guðsþjónusta kl. 13

Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson Kór Seljakirkju leiðir söng.

Aðfangadagur jóla 24. desember

Guðsþjónusta í Seljahlið kl. 11.

Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson þjónar og félagar úr Gerðubergskórnum syngja.

Aftansöngur kl. 18.

Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson, Kór Seljakirkju syngur, leikin verður jólatónlist frá kl. 17:30.

Krafist er hraðprófs - ekki eldra en 48 klst.

Miðnæturguðsþjónusta kl. 23:30.

Prestur sr. Bryndís Malla Elísdóttir. Schola cantorum syngur, Kór Seljakirkju syngur og Hildigunnur Einarsdóttir syngur einsöng.

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf - ekki er krafist hraðprófs

Jóladagur 25. desember

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Prestur sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson, Kór Seljakirkju syngur

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf - ekki er krafist hraðprófs

Gamlársdagur 31. desember

Aftansöngur kl. 17 – ath. breyttan tíma

Prestur sr. Bryndís Malla Elísdóttir, Kór Seljakirkju syngur
Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf - ekki er krafist hraðprófs

Nýársdagur 1. janúar 2022

Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.

Sr. Bryndís Malla Elísdóttir prédikar og þjónar fyrir altari, Kór Seljakirkju syngur.

Kirkjunni verður skipt upp í sóttvarnarhólf - ekki er krafist hraðprófs

Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson

Öllum athöfnum verður streymt í beinni útsendingu á seljakirkja.is

Ath! Ef breytingar verða á sóttvarnarreglum og fjöldatakmörkunum verða reglur kynntar á seljakirkja.is

VIÐTALIÐ

Fyrst var ég mjög hrædd við veðrið

- segir Innocentia Fiati Friðgeirsson sem er ein nýju sendiherranna í samnefndu verkefni Þjónustumiðstöðvar Breiðholts

„Þegar flutt er til nýs lands er mikilvægt að geta sem fyrst fengið þær upplýsingar og utanumhald sem þarf,“ segir Innocentia Fiati Friðgeirsson sem er ein nýju sendiherranna í samnefndu verkefni sem Þjónustumiðstöð Breiðholts heldur utan um. Því er ætlað að auðvelda fólki með annað tungumál, aðra menningu og gjarnan allt annars konar félagsmótun að tengjast nýja landinu sínu. Að fóta sig í oft og tíðum gerólíku, félagslegu og áþreifanlegu landslagi. Það er augsýnilega mikilvægt að fólk fái upplýsingar um íslenska samfélagið, réttindi sín og skyldur á tungumáli sem það skilur og frá manneskju sem býr að sambærilega reynslu. Blaðamaður Breiðholtsblaðsins hittir Innocentiu að máli og fékk að vita meira.

„Maðurinn minn dró mig hingað“, segir Innocentia. „Ég er frá Ghana og vissi að þetta yrðu mikil viðbrigði. En nú er ég búin að búa herna í næstum því tuttugu ár svo ég er orðin vön. Í Ghana eru töluð hátt í áttatíu tungumál og í landinu eru meira en tugur tungumála sem skilgreind eru sem opinber tungumál landsmanna en enska er helsta samskiptamál þeirra.“ Móðurmál Innocentiu er Ewe, auk þess talar hún ensku, Akan og einnig Twi sem er eitt afbrigða Akan. Íslenskan er svo

fimmta tungumál Innocentiu. Hún lærði fljótt tungumálið hér og segir að það hafi komið sér vel þegar hún hóf störf á Landspítalanum; „Ég lærði svo framreiðslu í Menntaskólanum í Kópavogi og er menntaður framreiðslumaður,“ segir hún. „Fyrst þegar ég kom hingað fannst mér vera svo fátt fólk, ég hélt að hér byggju bara þrjú hundruð manns,“ bætir Innocentia við þegar blaðamaður spyr hvernig var að koma hingað. „Ég sagði mannum mínum að ég yrði herna í svona tíu ár. En ég er ekki farin enn. Það var ekki alltaf auðvelt, fyrst var ég til dæmis mjög hrædd við veðrið. Ég ætlaði hreinlega ekki að mæta í vinnuna út af veðri. Ég ákvað að vinna bara yfir sumarið, það yrði í lagi. En maðurinn minn sagði: „Maður klæðir sig eftir veðri“ og ég lærði að gera það.“

Að verða sendiherra var eins og að sjá draumana rætast

„Þegar ég flutti til Íslands var ekki margt fólk hér af afrískum uppruna. Að mynda samfélag okkar sem flytjum hingað frá Afríku, hér á Íslandi, var ekki í kortunum. Að verða svo sendiherra er eins og að sjá draumana rætast,“ segir Innocentia. „Við verðum að hafa einhvers konar samfélag fyrir okkur, eitthvað að gera saman, en það var ekkert slíkt til. Svo kom að því að haldin var hátíð fyrir hina



„Það er augsýnilega mikilvægt að fólk fái upplýsingar um íslenska samfélagið, réttindi sín og skyldur á tungumáli sem það skilur og frá manneskju sem býr að sambærilega reynslu,“ segir Innocentia Fiati.

Þjónustumiðstöð Breiðholts hefur ráðið átta sendiherra sem hafa það hlutverk að miðla upplýsingum til erlendra hópa í Breiðholti. Hver sendiherra er fulltrúi síns menningar- og málhóps, sér um upplýsingamiðlun til þeirra og að koma þeirra skoðunum á framfæri. Þetta verkefni hefur þroskun lýðræðis að leiðarljósi og sér um að tryggja að erlendar fjölskyldur og einstaklingar hafi rödd og geti tekið virkan þátt í samfélaginu

ýmsu menningarhópa á Íslandi og ég hugsaði með mér: Við verðum líka að hafa rödd. Ég hringdi í fólk sem mér datt í hug að gæti haft áhuga og hugsaði mikið um hvað ég gæti gert fyrir aðra sem höfðu fluttu hingað frá heimsálfunni okkar. Við verðum að vera til fyrir okkur sjálf, sinna sjálf okkar málum, og getum ekki bara beðið eftir að einhverjir aðrir geri hlutina.“

Hjólin fóru að snúast

Að sögn Innocentiu fóru hjólin að snúast eftir að hún fundaði með Jasminu Vajzovic Crnac, verkefnisstjóra sendiherraverkefnisins á Þjónustumiðstöð

Breiðholts. „Jasmina sagði mér að enn væri enginn kominn sem gæti tekið að sér að vera sendiherra fólks af afrískum uppruna.“ Enda kannski ekki lítið verkefni, hugsar blaðamaður, á sjötta tug landa og áætlað að í álfunni séu töluð á milli 1500 og 2000 tungumál. En Innocentia lét það ekki aftra sér. „Eftir að ég frétti að það væri enginn búinn að bjóða sig fram, sagði ég bara við Jasminu: Ég skal gera þetta,“ segir hún brosandí. „Ég vil gera það sem ég get fyrir fólki mitt og veita þeim betri aðgang að upplýsingum jafnvel þótt það sé ekki mikið.“ Og verkefni Innocentiu eru nú þegar mörg og margvísleg.

„Ég hjálpa til dæmis flóttafólki að versla, með tungumálið, að hafa samband við hina og þessa og margt fleira. Þetta vantar svo mikið fyrir fólk frá Afríku og það á ekki að skipta máli frá hvað landi fólk kemur. Mín er ánægjan, að geta aðstoðað og tengja fólk af erlendum uppruna við aðra í samfélaginu.“ Innocentia hugsar sig um og bætir svo við: „Við erum öll hluti af samfélaginu. Við höfum öll hlutverk í samfélaginu, eitthvað



Véla- og hjólastillingar.
Tímareimaskipti, bremsuviðgerðir,
smurþjónusta og allar almennar viðgerðir.

Smíðjuvegi 60 (rauð gata) Kópavogi - Sími 557 2540

Komdu í þægilegt og gott umhverfi
við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN

Mjóddin



„Fyrst þegar ég kom hingað fannst mér vera svo fátt fólk, ég hélt að hér byggju bara þrjú hundruð manns. Skiljanlega þegar horft er á götmynd frá heimalandinu.“

sem er okkar verk að gera. Mitt verkefni núna er að hjálpa þeim eftir því sem ég get.“

Byggja saman sterkt samfélag

Blaðamaður spyr Innocentiu í lokin hvers vegna sendiherraverkefnið sé mikilvægt að hennar mati og hvað hún voni að komi út úr verkefninu. Það stendur ekki á svari. „Við byrjum alltaf einhvers staðar og sendiherraverkefnið mun halda áfram að þróast og vaxa. Verkefnið er mikilvægt vegna þess fólk vantar svo vitneskju. Sendiherrann kemur upplýsingum

áleiðis til þeirra sem vantar þær og við erum öll að læra hvað við getum gert.“ Hún bætur við að fólk frá Afríku vantar mjög oft ýmis konar upplýsingar og nú getur hún sem sendiherra styrkt þeirra stöðu í samfélaginu og aukið tengsl þeirra hérlendis. „Við sem tökum þátt í svona samfélagsvinnu erum ekki einungis að gera þetta fyrir okkar menningarhóp, við gerum þetta fyrir börnin okkar, fyrir næstu kynslóð af fólki frá Afríku sem kemur hingað til landsins. Það sem ég vona svo að gerist er að við byggjum saman sterkt samfélag þannig að það sé gott að búa hérna fyrir alla sem flytja til landsins. Að

upplýsingarnar sem þú þarft séu aðgengilegar og að lífið verði þar með auðveldara.“

Í lokin má geta þess að samfélag þeirra sem hafa flust hingað frá Afríku er með eigin vefsíðu, facebookhóp, whatsapp og Innocentia og samverkafólk hennar hringir einnig í fólk og leggur sig fram um að kynnast því, ávallt með það fyrir augum að leggja sitt af mörkum til að byggja upp sterkt samfélag.

Þórhildur Vígðögg.

*Bestu óskir um
gleðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.*



KRAKKANÁM

SJÁLFBOÐALIÐAR ÓSKAST

Krakkanám á mánudögum í Gerðubergi kl: 14:30 – 17:30.

Byrjar 10. janúar 2022

Krakkanám er námsaðstoð við nemendur í 4.- 6. bekk í Fella- og Hólabrekkuskóla í Breiðholti.

Áhugasamir hringi í síma 664 4011



MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 5520



Ólafur Finnbogason
lögg. fasteignasali
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson
lögg. fasteignasali
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson
hdl. og lögg. fasteignasali
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsson
lögg. fasteignasali
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir
lögg. fasteignasali
Sími: 845 8958



Axel Axelsson
lögg. fasteignasali
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson
lögg. fasteignasali
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson
lögg. fasteignasali
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson
lögg. fasteignasali
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson
aðstm. fasteignasala
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson
lögg. fasteignasali
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir
hdl. og löggiltur
fasteignasali



Harpa Rún Glad
hdl. og löggiltur
fasteignasali

Fasteignasalan

Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000

www.miklaborg.is

Með þér alla leið

Fjölmennt í Karlakaffinu með Kristjáni hringfara



Kristján Gíslason hringfari spjallar við kaffigesti.

Fjölmennt var í Karlakaffinu í Fella- og Hóllakirkju föstudaginn 26. nóvember. Þar mætti Kristján Gíslason, stundum kallaður Kristján hringfari vegna ferða hans um heiminn á mótörhjól. Kristján spjallaði við kaffigesti og sagði frá ferðum sínum og þeirra hjóna og atvikum sem þau hafa upplifa.

Kristján Gíslason, f.v. framkvæmdastjóri Radíómiðunar og eiginkona hans Ásdís Rósa Baldursdóttir, fyrrverandi stærðfræðikennari í Verslunarskóla eru komin á miðjan aldur og hafa ferðast um allan heim á mótörhjól. Það er óneitanlega óvenjulegt en saga þeirra er ekki ólík annarra þangað til miðjum aldri var náð. Þá tóku Ásdís og Kristján U beygu í lífinu.



Pangbakka 10 (MJÚDD) • Sími: 557-2053

Á þriðja hundrað ráðninga auk sumarstarfa

- vinnumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar reynast vel

Í janúar á þessu ári samþykkti borgarstjórn Reykjavíkur að veita 460 milljónum króna í vinnu- og virkniaðgerðir. Um er að ræða samstarfsverkefni milli velferðarsviðs og mannaúts- og starfsumhverfissviðs um vinnumiðlun og stuðnings- og virknimiðlun. Markmiðið er að aðstoða fólk sem hefur verið án atvinnu til lengri tíma að komast aftur í virkni og starf.

Reykjavík hefur hingað til ráðið 212 manns en að auki hafa vinnumarkaðsaðgerðirnar skilað 934 viðbótarsumarstörfum fyrir 18 ára og eldri og 200 störfum fyrir 17 ára einstaklinga, síðustu tvö sumur. Um er að ræða tímabundið átaksverkefni, eins og verkefnið Hefjum störf sem heyrir undir Vinnuálastofnun; þarft verkefni eftir Covid 19 til þess að hjálpa fólki að fá vinnu og komast í virkni. Þetta eru tímabundin störf, oftast til sex mánaða, en margir hafa fengið áframhaldandi ráðningu.



Frá fristundaheimili. Þar skapast tækifæri fyrir sumarstörf.

Gamla útvarpshúsið rifið

- um 500 íbúðabyggð fyrirhuguð í næsta nágrenni við Breiðholt

Vinna við niðurrif Útvarpshússins á Vatnsendahæð í Kópavogi er hafin og er áætlað að henni ljúki á næstu vikum. Til stendur að koma upp um fimm hundruð íbúa byggð á lóðinni.

Gamla húsið er meira en 80 ára gamalt og var á sínum tíma byggt fyrir mjög sérhæfða starfsemi, það er útvarps-sendingar. Sú tækni sem þá var til er fyrir áratugum síðan orðin úrelt. Húsið sem slíkt passaði ekki lengur undir fjarskipti né annað. Þar auki er það mjög illa farið.



Vinnuvél komin á staðinn til að brjóta húsið niður.



UMHVERFIS/EN ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



GARÐASTRÆTI 2
ASWEGROW.IS

Leiksvæðið við Breiðholtsskóla



Leiksvæðið við Breiðholtsskóla.

Leiksvæðið við Breiðholtsskóla hefur lengi þurft að fá smá yfirhalningu, krakkarnir skemmtu sér samt sem áður mjög vel á leiksvæðinu sem var hjá skólanum, en núna þegar búið er að betrubæta nokkra hluti hafa krakkarnir meira viljað nýta útiveruna sína í Bakkaseli.

Búið er að bæta við sparkvelli við hliðina á Bakkaseli sem hefur vakið mikla lukku á meðal barnanna og krakkarnir vita ekkert skemmtilegra en að hlaupa úti í útiverunni og vera saman í fótbolta, og þetta ýtti líka undir að eldri krakkarnir skemmta sér vel með yngri börnunum og kenna þeim á reglurnar sem eiga að vera í fótboltanum. Það skemmir alls ekki fyrir að það eru mörg mörk á

vellinum sem þýðir að krakkarnir geta skipt sér niður í hópa og spilað saman á mörgum svæðum á vellinum.

Einnig er verið að endurnýja leiksvæðið hinumegin við skólann og fyrir nokkrum dögum þegar helmingurinn af því leiksvæði var opnaður hlupu krakkarnir af stað og það var varla hægt að ná þeim inn úr útiverunni því að þau skemmtu sér svo vel í nýja kastalanum o.fl.

Þrátt fyrir að krakkarnir skemmta sér konunglega á þessu nýja leiksvæði, þá er ekkert sem að toppar stóru brekkuna hjá skólanum um jólin, og á meðan að það er snjór, þá eyða krakkarnir öllum stundum í að renna sér á brekkunni og skríkja af gleði yfir því að geta skemmt sér þar.




FUGLADAGBÓKIN 2022


Sigurður Eggsson
Fuglar á Íslandi og árstíðirnar fjórar

Fugladagbókin 2022

Glæsileg dagbók, prýdd einni fuglamynd fyrir hverja viku og fróðleik um viðkomandi fugl. Algjör gersemi!

Bókaútgáfan Hólar
holabok.is / holar@holabok.is

 Netverslun: systrasamlagid.is




**TAKK FYRIR
AÐ FLOKKA**

Lifi lífrænn úrgangur!



Brún tunna undir lífrænan eldhúsúrgang er nú mætt í Breiðholtið.

Tökum þátt í að auka flokkun og minnkum urðun úrgangs í þágu umhverfisins.

Pantaðu þína tunnu á ekkirusl.is

Gunnar Helga las í Fellaskóla



Gunnar að lesa úr Bannað að eyðileggja.

Gunnar Helgason rithöfundur hitti nemendur í fimmta til áttunda bekk í í Fellaskóla á dögnum.

Hann og las upp úr nýju bókinni sinni sem heitir Bannað að eyðileggja. Bókin gerist einmitt í Fellahverfi.

Brúna tunnan er mætt í Breiðholtið



Með því að flokka lífrænan eldhúsúrgang stuðlar þú að minni urðun, lífræna efninu er skilað í hringrásina og þannig er dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Brún tunna undir sérsöfnun á lífrænum eldhúsúrgangi stendur nú íbúum Breiðholts til boða og er tunnan því valkostur í öllum hverfum Reykjavíkurborgar austan Elliðaána. Stefnt er á að þjónustan verði í boði í öðrum hverfum borgarinnar um mitt ár 2022.

Hægt er að panta tunnu á ekkirsl.is eða með tölvupósti á sorphirða@reykjavik.is. Samþykki húsráðanda, hússtjórnar fjöleignarhúss eða meirihluti eiganda í fjöleignarhúsi þarf að liggja fyrir.

Allir fá flokkunarkörfur í eldhúsið

Þegar tunnan er keyrð út til íbúa fylgir með hentug flokkunarkarfa til að hafa í eldhúsi fyrir allar íbúðir, auk einnar rúllu af maíspokum undir úrganginn. Einnig fylgir með handhægt upplýsingablað með helstu atriðum um þjónustuna. Mikilvægt er að þeir sem panta fyrir hönd íbúa í fjöleignarhúsum taki að sér að dreifa upplýsingaefni og flokkunarkörfum til nágretta sinna.

Brúna tunnan er fyrst um sinn valkvæð en flokkun á lífrænum úrgangi verður síðan að skyldu við öll heimili í borginni frá og með 2023 þegar ný lög um meðhöndlun úrgangs taka gildi.

Fyrst um sinn er boðið upp á staka brúna tunnu, sem hentar til dæmis öllum fjölbýlishúsum og þar sem nokkrar íbúðir deila sorpgeymslu. Unnið er að því að innleiða hentugri lausnir fyrir til dæmis einbýli og raðhús þannig að hægt sé að auka sérsöfnun við heimili án þess endilega að fjölga ílátum. Öllum stendur brúna tunnan til boða í dag

og verður hægt að breyta um ílát eftir því sem aðrar lausnir bætast við.

Tækifæri fyrir minni tunnu eða fækkun íláta

Þar sem það á við er hægt að óska eftir minna ílát undir blandaðan úrgang, eða svokallaðri spartunnu í stað hefðbundinnar grátunnu. Í fjölbýlishúsum gæti gefist tækifæri til að fækka grátunnum og draga þannig úr kostnaði.

Gjaldið fyrir brúna tunnu er nú 10.700 krónur á ári. Gjaldskráin er þannig sett upp að með því að skipta úr hefðbundinni grárru tunnu í minni spartunnu er hægt að bæta brúna tunnunni við án þess að greiða meira fyrir þjónustuna. Þannig væri í mörgum tilfellum hægt að auka flokkun án þess að gjöldin hækki. Íbúar eru því hvattir til að kanna nýtingu á ílátum í sorpgeymslum þegar liður að tæmingu.

Tæmd á 14 daga fresti

Vinnsla á lífrænum úrgangi fer fram í gas- og jarðgerðarstöð Sorpu (GAJA), þar sem gasvinnsla er í fullum gangi en fullvinnsla á jarðvegsbæti liggur tímabundið niðri meðan unnið er að breytingum á húsnæði stöðvarinnar.

Brúna tunnan verður tæmd á 14 daga fresti að jafnaði, á sömu dögum og grátunna/spartunna. Hægt er að sjá losunardaga á sorphirðudagatali Reykjavíkurborgar: Reykjavik.is/sorphirdudagatal.

Jólagjöf
veidimannsins



Ertu búinn að fá þér Veidikortid?

Frelsi til að veida!

8.900 kr

Fæst hjá N1, OLÍ, veidibúðum og veidikortid.is

Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.



GULLSMÍÐURINN
Í MJÓDD



Netverslun: systrasamlagid.is

RECARO

Barnabílastólar í úrvali



SEAT
FIX

AIR
CIRCULATION
SYSTEM

LIGHT
WEIGHT

ECE
NORM
R 44/04

HERO

ISO
FIX

ADVANCED
((SIDE))
PROTECTION

3 POINT
BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

KÓSÝ JÓL OG VELLÍÐAN



Jóga-og kósýföt

Lífrænn,
umhverfisvænn
dásendar fatnaður
sem þú vilt verja
tíma þínum í.

Ripple,
Spiritual Gangster,
BySirrý



Kristalsvantsflöskur eru sígildar.
Nú getur þú bætt þínum eigin
kristólum við.



Baðdekur af bestu gerð
Húðburstar, hanskar,
naglaburstar, augnhvílur.
Hydréa London er leiðandi í
baðdekrí í heiminum í dag.



Vinalegasta vinagjöfin
Móntruskartið er vinalegasta gjöf
Systrasamlagsins undanfarin ár.



Mögnuð ítösk kerti. NÝ SENDING.
Umhverfisvæn kerti að fornum
ítöskum síð.



Jógadýnur og fylgihlutir
Asanas og Manduka.
Bara gæði.



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

„Viltu tala íslensku við mig?“

- Íslenskuþorpið í Seljahlíð

Íslenskan er okkar allra og mikilvæg fyrir okkur öll að hafa tök á henni. Margt er sér til gamans gert á degi íslenskrar tungu og sumt af því er liður í enn stærra verkefni. Í Seljahlíð hefur verið sett upp heilt „þorp“ í samvinnu íbúa og starfsfólks til að tala saman á íslensku í samstarfi við Þjónustumiðstöð Breiðholts. Á Degi íslenskrar tungu var boðið upp á íslenskukaffi í þorpinu. Íbúar og starfsfólk hittust í matsal Seljahlíðar kl. tvö síðdegis og spjölluðu saman - á íslensku. Íslenskan er okkar allra og mikilvæg fyrir okkur öll, eins og fram kom í auglýsingu með viðburðinum, hvort sem við lærðum hana í frumbersku eða erum að læra hana á fullorðinsaldri.



Íslenskukaffi á Degi íslenskrar tungu í Seljahlíð.

Margrét Árdís Ósvaldsdóttir, forstöðukona Seljahlíðar, bauð alla velkomna í íslenskukaffið og las upp fallegan texta fyrir hópinn. Góður andi ríkti meðal kaffigesta og nemendur af erlendum uppruna voru ekki lengi að setjast niður með kaffibolla í hönd og taka þátt í skemmtilegum samtölum. Þetta var kjörið tækifæri til að kynna öðrum menningarheimum og minnast mikilvægis þess að veita erlendum einstaklingum öruggan vettvang til að æfa íslenskuna.

Hafa hvert eitt sinn mentor

Þorpið í Seljahlíð er reyndar liður í enn stærra verkefni, Íslenskuþorpinu, sem er kennsluverkefni í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands. Í verkefninu er ekki um eiginleg þorp að ræða í þeim skilningi, heldur meira eins og þorpsbrag á afmörkuðum stöðum, lítil og samheldin samfélög þar sem fólk hittist til að efla íslensku og auðga samskipti. Það er nefnilega ekkert áhlaupaverk að læra „ástkæra, ylhýra málið, og allri rödd fegri“ eins og Jónas Hallgrímsson orðaði það svo fallega í ljóði. Þau í Seljahlíð hafa nýtt sér hugmynda- og aðferðafræði Íslenskuþorpsins til að færa íbúa og starfsfólk nær hvert öðru og búa til stuðningsnet um merkingarbært, skemmtilegt og hlýlegt íslenskunám.

Nemendur eru starfsfólk í Seljahlíð sem talar annað tungumál en íslensku. Þau hafa hvert og eitt sinn „mentor“, eða kennara, sem þau hitta reglulega. Mentorinn er ýmist íbúi eða starfsmaður. Nemendur hitta mentorana sína annars vegar þegar þeim hentar og á ýmsum tímum og stöðum og síðan í vikulegu hópstarfi, sem Guðlaug Stella Brynjólfsdóttir stýrir og kennir. Seljahlíðarþorpið hóf göngu sína í haust en önnur þorp hafa skotið upp kollinum víðsvegar í borginni og starfað mislengi. Í Seljahlíð hverfist starfið um staði og fólk þar sem nemendur geta treyst því að viðmælendur þeirra séu velviljaðir, viti hvaða verkefnum þau séu að sinna og hverjar þarfir þeirra eru. Námið fer til dæmis fram í matsalunum, í félagsstarfi aldraðra, á skrifstofu, með stjórnendum og svo framvegis. Talað er um vinnuna, áhugamál, dagleg málefni og menningu



Fólk af ýmsum þjóðernum starfar í Seljahlíð.

Íslenskuþorpið er stuðningsnet þar sem samið er við velviljaða þátttakendur um að taka þátt í verkefninu og eiga samskipti við nemendur en þannig er íslenskunámið gert merkingarbært, hagnýtt og skemmtilegt. Nemendur tileinka sér aðferðir við að læra tungumálið í raunverulegum aðstæðum. Þessar aðferðir miða einnig að því að gera nemandann sjálfstæðan og ábyrgan í náminu, efla sjálfstraust og auka virkni, ásamt því að höfða til áhugasviðs viðkomandi. Íslenskuþorpið hefur verið kennt í íslensku sem öðru máli í Háskóla Íslands og víða í samfélaginu síðan árið 2012 og megináhersla er á hæfni til að eiga árangursrík samskipti.

nemenda, mentora og annarra sem lifa og/eða starfa í þorpinu. Með íslenskuþorpinu er myndaður nokkurs konar smáheimur þar sem viðurkenning og stuðningur er við völd. „Þarna úti“ getur fólk sem er að læra íslensku átt von á alls konar viðbrögðum þegar það reynir að tjá sig, en inni í þorpinu eru öll á sömu blaðsíðu og stuðningur og hvatning við völd.

Tekist vel í Seljahlíð

En ekki er allt búið enn. Auk íslenskunámsins í daglegu umhverfi er einnig til staðar fræðsla fyrir alla þátttakendur í

verkefninu í menningarferni og fjölmenningu. Hverrar þjóðar sem við erum að uppruna græðum við öll á því að skyggjast yfir hafið. Á því að tileinka okkur aðferðir og hugsanahátt til að geta umgengist hvert annað á gefandi og friðsamlegan máta. Verkefnið Viltu tala íslensku við mig? hefur tekist mjög vel í Seljahlíð og það er að sjálfsgöðu vegna áhuga og dugnaðar nemenda annars vegar og velvilja og stuðnings íbúa og samstarfsfólks hins vegar. Áfram Seljahlíð.

Þórhildur Vígdögg.

Bestu óskir um
glæðileg jól
og farsælt komandi ár.
Þökkum viðskiptin á árinu.



HJÁ DÓRA



SHAKE&PIZZA

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

HEIMTÖKUTILBOÐ SHAKE&PIZZA

**EIN, TVÆR OG
FRÍ PIZZA EF
ÞÚ SÆKIR**



Pantaðu á
shakepizza.is
eða í síma
5 17 18 19

**EINN, TVEIR OG
FRÍR SHAKE EF
ÞÚ SÆKIR**



3 FYRIR 2 AF ÖLLUM PIZZUM AF MATSEÐLI
– BORGAR EKKI FYRIR ÓDÝRUSTU PIZZUNA

3 FYRIR 2 AF ÖLLUM SHAKE-UM AF MATSEÐLI
GILDIR EKKI AF ÁFENGUM SHAKE-UM

EIN PIZZA & SVO ÖNNUR Á 1.000 KR.
KAUPIR PIZZU AF MATSEÐLI OG BÆTIR VIÐ ANNARRI Á 1.000 KR. – BORGAR FYRIR DÝRARI PIZZUNA

TILBOÐ MÁNAÐARINS

HÁTÍÐLEG
JÓLAPIZZA

EINS OG AD BORDA JÓLIN
1.990 KR.



**ALVÖRU
JÓLATERTU
SHAKE**



Shake
-MÁNAÐARINS-
990 KR.

shakepizza.is

shake&pizza

#shakeandpizza



GEFÐU
RÚLLANDI
JÓLAGJÖF

**ÞÚ SETUR SAMAN
ÞINN EIGIN PAKKA**

50 MÍN. KEILA = 6.990 kr.
50 MÍN. KEILA + 2xPIZZA + 2xSHAKE = 12.990
50 MÍN. KEILA + 4xPIZZA + 4xSHAKE = 18.990

Pantaðu þinn jólapakka
á keiluhollin.is

keiluhollin.is

Keiluhöllin
EGILSHÖLL

s. 5 11 53 00



ÖLL BÖRN GETA TEKID ÞÁTT Á EINHVERN HÁTT

FRÍSTUNDASTYRKUR

50.000 kr. styrkur á ári hverju!

Íþrótt og frístundastyrkurinn tryggir að öll börn á aldrinum 6 -18 ára í Reykjavík, geti tekið þátt í uppbyggilegu frístundastarfi.

Foreldrar/forráðamenn ráðstafa styrknum í samstarfi við börn sín til námskeiðs sem hægt er að borga með styrknum. Frekari upplýsingar má finna á fristund.is.

Ef þig vantar einhverjar upplýsingar eða aðstoð varðandi frístundastyrkinn, endilega hafðu samband við Þjónustumiðstöð Breiðholts. breidholt@reykjavik.is eða sími: 411 1300



Breið



www.facebook.com/breidholtid



www.instagram.com/breidholt.is



www.youtube.com

MYNDBÖND Á YOUTUBE

Það eru myndbönd á youtube undir **Þjónustumiðstöð Breiðholts**.

Á ensku, tælensku, pólsku og arabísku með upplýsingum um:

1. Mikilvægi þátttöku barna í íþróttum og frístundum.
2. Hvaða íþróttir og frístundir eru í boði fyrir börn í Breiðholti.
3. Hvernig skrái ég barnið mitt í íþróttir eða frístundir í Breiðholti.

Væntanleg eru myndbönd á spænsku, rúmensku og litháísku.

Breiðholt

HEILSU
EFLANDI
BREIÐHOLT

ÍÞRÓTTIR OG FRÍSTUNDIR

ÍÞRÓTTAFÉLÖG

ÍR

www.ir.is - ir@ir.is
Sími: 587 7080

LEIKNIR

www.leiknir.com - leiknir@leiknir.com
Sími: 557 8050

SKÁKFÉLAGIÐ HUGINN

https://skakhuginn.tumblr.com
huginn@skakhuginn.is

SUNDFÉLAGIÐ ÆGIR

www.aegir.is - aegir@aegir.is
Sími: 820 3156

TÓNLIST

TÓNSKÓLI EDDU BORG

www.teb.is - teb@teb.is
Sími: 557 3452

TÓNSKÓLI SIGURSVEINS

www.tonskolisigursveins.is
tonskolisigursveins@tonskolisigursveins.is
Sími: 568 6828

SKÓLAHLJÓMSVEIT ÁRBÆJAR OG BREIÐHOLTS

www.arbaer.skolahljomsveit.is
snorri.heimisson@rvkskolar.is
Sími: 411 7466

SKÁTAR

HAFERNIR

www.hafernir.org - hafernir@skatar.is
Sími: 839 3050

SEGULL

www.skatarnir.is/segull - segull@skatar.is
Sími: 567 0319

HJÓLREIÐAR

HJÓLAKRAFTUR

www.hjolakraftur.com - valdi@hjolakraftur.com
Sími: 848 8822

DANS

DANSSKÓLI BRYNJU PÉTURS

www.brynjapeturs.is
dansbrynjupeturs@gmail.com
Sími: 821 4499

DANSGARÐURINN KLASSÍSKI LISTDANSSKÓLINN

www.dansgardurinn.is
info@ballet.is
Sími: 534 9030

BORGARBÓKASAFN GERÐUBERG

borgarbokasafn.is/bokasofn/gerduberg
gerduberg@borgarbokasafn.is
Sími: 411 6170

FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ

MÍÐBERG

www.midberg.is - midberg@rvkfri.is
Sími: 411 5750

FRÍSTUNDAHEIMILI 6 - 9 ÁRA

Bakkasel	1. – 4. bekkur	Breiðholtsskóli
Álfheimar	1. – 2. bekkur	Hólabrekkuskóli
Hraunheimar	3. – 4. bekkur	Fellaskóli og Hólabrekkuskóli
Vinasel	1. – 2. bekkur	Seljaskóli
Vinaheimar	1. – 2. bekkur	Ölduselsskóli
Regnboginn	3. – 4. bekkur	Seljaskóli og Ölduselsskóli

FÉLAGSMÍÐSTÖÐVAR 10 - 16 ÁRA

111	Efra-Breiðholt	111@rvkfri.is
Hólmasel	Seljahverfi	holmasel@rvkfri.is
Bakkinn	Bakkahverfi	bakkinn@rvkfri.is
Hellirinn	Kleifarsel 18	hellirinn@rvkfri.is

MYNDLIST

MYNDLISTASKÓLI REYKJAVÍKUR

www.mir.is - mir@mir.is
Sími: 551 1990

Frost

Breiðholtsblaðinu barst þetta ljóð á dögunum. Höfundur þess er Þórdís Richardsdóttir. Þórdís er búsett í Svíþjóð en á sterkar rætur í Breiðholtið þar sem foreldrar hennar bjuggu í Möðrufellinu í um þrjá ártugi. Greinilega er henni hugsað heim. Fyrir nokkru kom út ljóðabók eftir Þórdísi sem nefnist Eins og í kviksjá en hún hefur gefið út nokkrar ljóðabækur í gegnum tíðina. Þá fyrstu Ljóð í lausaleik árið 1976. Þess má geta að ljóðið Frost hefur ekki komið út í bók.



Bókin Eins og í kviksjá kom út nýlega.

Smáfuglar berjast um kornið
í kringlótta kaffihúsinu
sem ruggar sér dægilegt á grein
næsti gestur miskunnarlaust rekinn út
á guð og gaddinn
en hann gefst ekki upp
þenur brjóst og sperrir stél
á víst pantað borð
frá sólarupprás
til sólarlags

ÞR
des 2021

Góðgerðaskemmtun í FB

Nemendafélag skólans hélt nýverið jólaskekkmtun í skólanum. Nemendur seldu jólasnákökur sem þeir bökuðu á staðnum og héldu bingó með glæsilegum vinningum.

Leikin var hugljúf jólatónlist og heitt kakó var í boði. Allur ágóði kvöldsins rann til Mæðrastyrksnefndar, en alls söfnuðust 60.000 krónur. Á myndinni má sjá fulltrúa nemendafélagsins NFB þær Raket Jónu Ásbjörnsdóttur forseta og Önju Björk Bjarnadóttur varaforseta.



Frá góðgerðarskemmtun í FB.

Kærleikshjörtu í Ölduselsskóla

Síðastliðna daga hafa nemendur Ölduselsskóla verið að undirbúa jólamánuðinn og vinna heilmiklar og fallegar skreytingar víðsvegar um skólann.

Virkilega flott hjá þeim segir á heimasíðu skólans. Einnig hafa nemendur verið að búa til kærleikshjörtu, skrifa falleg skilaboð á þau og dreifa í hús um hverfið.



Nokkur kærleikshjörtu sem nemendur Ölduselsskóla hafa verið að búa til og dreifa um hverfið.

BASARINN

Nytjamarkaður

Austurveri

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



SmíðaVík
GÓDIR Í GLUGGUM OG HURÐUM

Ef þarf að skipta út gleri,
bæta þéttingu glugga og hurða,
lagfæra glugga og hurðir
eða skipta því út fyrir nýju
erum við réttu mennirnir.

Við höfum góða reynslu í þessum efnum.

smidavik@smidavik.is

sími 898-0503

Guðlaugur



Heilsugæslan í Efra-Breiðholti
Hraunbergi 6
s 513 5300



- 8-16
 - Viðtalstímar heilbrigðisstarfsmanna
 - Símatímar lækna
 - Símaráðgjöf hjúkrunarfræðinga
 - Móttaka vegna smáslysa og bráðra veikinda
- 16-17
 - Móttaka lækna vegna smáslysa og bráðra veikinda

Við minnum á að ráðlegt er að koma árlega í eftirlit með langvinnum sjúkdómum svo sem sykursýki og háþrýstingi

Hraunberg Primary Health Care
Hraunberg 6
tel 513 5300



- 8-16
 - Appointments with health care staff
 - Telephone consultations with doctors and nurses
 - Walk-in service for minor injuries and sudden illnesses
- 16-17
 - Walk-in service minor injuries and sudden illnesses

We kindly remind those with chronic illnesses such as diabetes or high blood pressure to have yearly check ups

Frumkvöðlabúðir fyrir nemendur í FB

FB tekur þátt í ýmsum samstarfsverkefnum með styrk frá Erasmus+, samstarfsáætlun Evrópusambandsins. Eitt þeirra verkefna eru svokallaðar frumkvöðlabúðir fyrir nemendur og hefur FB tekið þátt í slíkum verkefnum mörg undanfarin ár. Nýja verkefnið heitir á ensku "European Voice of Tomorrow" og taka framhaldsskólar frá Portugal, Ítalíu, Noregi, Finnlandi auk Íslands þátt.

Á næsta ári munu nokkrir nemendur FB fara

ásamt kennurum í eina viku í senn til þessara landa og vinna að nýsköpunarverkefnum. Á dögunum var haldinn undirbúningsfundur í Lissabon í Portúgal og fyrir hönd FB fóru þær Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, kynningarstjóri og alþjóðafulltrúi, Þórdís Steinarsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur og Sigríður Ólafsdóttir listnámskennari. Verður gaman að fylgjast með þessu spennandi verkefni sem hefst í byrjun árs 2022.



Ágústa, Þórdís og Sigríður ásamt Catarinu Esménio fyrir framan samstarfsskóla FB í Lissabon Escola Comércio Lisboa.



Mynd af gamla bænum í Lissabon Alfama



Glæsilegt jólatré á torginu í Lissabon.

TILBOÐSDAGAR 16,17 OG 18
DESEMBER

Í Plus Market Hraunbergi 4

Vörukynning og smakk af gómsætum
réttum frá 17-19 alla dagana
10% afsláttur af allri matvöru

PlusMarket
GROCERY STORE

**HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS**

1717



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

Nýja Reykjavík

- Dagur B. Eggertsson fjallar ýtarlega um tímann í borgarmálunum í nýrri bók. Hér er gripið niður í kaflann um Breiðholtið.

Út er komin bókin Nýja Reykjavík Umbreytingar í ungrri borg. Höfundur bókarinnar er Dagur B. Eggertsson borgarstjóri. Nýmæli er að borgarstjóri í Reykjavík fjalli um uppöxt sinn í borginni og þróun hennar frá því hann var strákur í Árbænum til dagsins í dag þegar hann er að ná átta árum í starfi borgstjóra og um tveimur áratugum í starfi að borgarmálum. Í upphafi bókarinnar segir hann frá því hvernig það bar til að hann fór að hafa afskipti af borgarmálum. Dagur kemur mjög víða við þar sem hann tvinnar saman æsku sína. Lífshlaup og störf að borgarmálum. Hér verður gripið nipur í kafla þar sem hann fjallar um Breiðholtið. Byrjum þar sem hann fjallar um Elliðaárdalinn sem er í næsta nágrenni við Breiðholtið og skilur Árbæinn og Breiðholtið að. Gefum Degi orðið.

„Umræðan um Elliðaárdalinn er þó alltaf mikil og stundum heit. Til dæmis um svæðið sunnan hans, við Stekkjarbakka þar sem hugmyndir hafa verið settar fram um BioDome eða framsækinn áfangastað með fjölbreyttum gróðri. Óvíst er hvort nokkurn tímann verður af þeim áformum enda fjárfrek og áhættusöm framkvæmd.

Hugmyndir um framtíð Toppstöðvarinnar eru líka margar og sumar spennandi. Miðstöð jaðaríþróttar gæti orðið á þeim stað. Stóra verkefnið framundan er að vernda dalinn með uppbyggingu innviða og áningarstaða vegna útivistar. Ráða þarf til lykta framtíðarumhverfi Árbæjarstíflu sem hefur lokið hlutverki sínu og margir hverfisbúar sakna uppistöðulónsins sem þar var í nánast heila öld vegna rafmagnsframleiðslu. Ég skil þær tilfinningar mætavel og deili þeim að mörgu leyti. Hagsmunir laxa og lífríkisins kalla hins vegar á að lónið víki og það verði sírennsli í ánum. Lagt hefur verið til að fara í samkeppni um umhverfi stíflunnar. Vonandi leiðir það og betrubætur á svæðinu til sátta. Í Elliðaárdalnum er jafnframt að fæðast orkusafn í botni dalsins sem verður skemmtileg viðbót og mun að sínu leyti halda sögu dalsins til haga eins og verðugt er.“

Áherslan á Breiðholtið er beint frá hjartanu

„Það vakti mikla athygli þegar við kynntum nýjan borgarstjórnarmeirihluta á þaki stærstu blokkar landsins í Breiðholti, Æsufellinu. Okkur fannst það táknrænt því við ætluðum að leggja áherslu á þetta gamla góða en stundum vanrækta hverfi. Margt var komið á tíma, eins og við var að búast um fimmtíu árum eftir að bygging þess hófst. Annað hafði látið undan síga vegna borgarþróunar. Gömlu hverfiskjarnarnir voru margir hálfgerð hryggðarmynd. Íþróttafélögin kólluðu eftir athygli og fjárfestingu. Skólanir einnig. Vandinn var sá að fjármunir til fjárfestinga voru takmarkaðir svona skömmu eftir Hrun en við forgangsroðuðum í þágu hverfisins.

Jón Gnarr fékk þá snilldarlegu hugmynd að færa skrifstofuna sína tímabundið í hverfið. Af hverju hafði engum dottið það í hug áður? Mér fannst ótrúlega spennandi að takast á við þetta. Hafði sjálfur sett af stað þælingar um Breiðholt í hundrað daga meirihlutanum en ekki unnist tími til að vinna úr þeim. Við ákváðum að skólalóðirnar, umhverfi barnanna, yrðu í fyrsta forgangi í Breiðholti. Í stað sand- og moldroks af skólalóð Seljaskóla komu risavaxin hreytibraut og hreyfitæki. Skólalóð Fellaskóla varð eins og samfellt listaverk og þannig mætti áfram telja. Jón vildi fókusera á menningu. Mér leist vel á það og velti upp þeirri hugmynd að gefa málningu til að mála allar blokkirnar í Efra-Breiðholti í alls konar litum. Þetta var ekki úr lausu lofti gripið heldur hugmynd sem ættuð var frá Edi Rama sem valinn var borgarstjóri heimsins eftir að hafa gert þetta á stórum skala í höfuðborg Albaníu, Tirana. Hafþór Yngvason forstöðumaður Listasafns Reykjavíkur var virkjaður í hugmyndavinnu og fékk miklu betri hugmynd. Að fá bestu listamenn þjóðarinnar til að gera veggmyndir á hina risavöxnu gafla í Breiðholti. Hin risavaxna Fjöður Söru Riel á gafla Asparfellsins var fyrsta verkið og sló strax í gegn. Verkin voru hvert öðru betra. Theresa Himmer gerði



Dagur B. Eggertsson borgarstjóri.



Séð yfir hluta Efra Breiðholts.

verk í Jórufelli. Erró gerði verk í Álfthólum sem einnig var sett upp sem mósaikverk við Breiðholtslaug og Ragnar Kjartansson endurgerði jólakort til kærustu sinnar á gaflana í Krummahólum, vatnslitamynd öðrum megin og ástarorð hinum megin. Algerlega magnað allt saman. Verkin urðu bæði umtöluð og umdeild. Það var hluti tilgangssins. Að umræðan um Breiðholt breyttist, snerist meira um list og sköpun en síður um vandamál fortíðar eða neikvæða hluti. Ég talaði um Efra-Breiðholt sem stærsta listasafn landsins. Og elskaði þetta. Við fluttum reyndar einnig tvær klassískar höggmyndir eftir Ásmund Sveinsson í Seljahverfið. Þetta voru hin gullfallegu verk Móðir mín í kví kví og Fýkur yfir hæðir. Þau voru, merkilegt nokk, fyrstu útlitstaverkin sem sett voru upp í hverfinu.“

Langavitleysa endurgerð

„Eitt af stóru verkefnum í Breiðholti var að taka í gegn og endurgera göngustíginn sem lá meðfram lengstu blokkinni í Fellunum sem kólluð hefur verið Langavitleysa. Það var skemmtileg framkvæmd og gerð eftir hugmyndasamráð við tólf ára bekk í Fellaskóla. Hægt gekk að koma fjárfestingum einkaaðila af stað í gamla hverfakjarnanum í Eddufelli og Völvufelli. Við reyndum að hvetja til þeirra með því að setja þar upp FabLab í samvinnu við Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Fjölbautaskólann í Breiðholti. Við höfðum einnig milligöngu um að hluti starfsemi Nýlistasafnsins fluttist í húsnæði á svæðinu. Ein íbúðablokk reis. Á endanum misstum við þolinmæðina í bið okkar eftir eigendum annarra fasteigna á svæðinu og ákváðum að kaupa þær upp og endurskoða deiliskipulagið til að raunveruleg endurnýjun ætti sér stað. Þetta var þrautalending en mun leiða til farsællar niðurstöðu. Sömu aðferð ákváðum við að beita í Arnarbakka

eftir að tilraunir til að ná eignaraðilum saman um uppbyggingu höfðu siglt í strand. Bæði verkefni munu verða andlitslyfting fyrir hverfin.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg í Breiðholti er gersemi sem við vildum hlúa að. Húsnæðið hefur fengið andlitslyftingu og torgið fyrir utan ætti að vera næst á dagskrá. Við auglýstum einnig eftir áhuga líkamsræktarstöðva á að staðsetja sig við Breiðholtslaug. Úr því varð samningur um glæsilega stöð WorldClass. Ég hef líka ræktað sambandið við Fjölbautaskólann í Breiðholti og frábæran skólameistara FB, Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur. FabLabíð sem hóf göngu sína í Eddufelli er nú komið inn í skólann. Áfram er lögd áhersla á góð tengsl við grunnskóla hverfisins. Við höfum einnig gert samning við menntamálaráðuneytið um að reisa í sameiningu nýjar byggingar yfir iðn- og listgreinar skólans við Hraunberg og verður allt verkefnið með grænu ívafi og umhverfisvottað. Ég er viss um að þessi viðbót verði skólanum mikilvæg í frekari sókn.“

Ungt fólk og íþróttir í brennidepli

Samstarfið við ÍR var einnig mjög í forgrunni. Þetta gamla íþróttastórveldi státar af flestum iðkendum allra íþróttafélaga landsins í fjölmörgum deildum. Starfsemin hefur þó náð of lítið til krakkanna í Efra-Breiðholti. Þar hefur Leiknir verið með starfsemi, nær eingöngu í knattspyrnu. Því miður hefur ekki gengið vel að auka samvinnu þessara félaga. Við gerðum tvo stóra samninga við ÍR, byggða á eldri samningum sem ekki höfðu komist til framkvæmda. Fyrstu skrefin voru að endurnýja gólf og aðstöðu í Íþróttahúsi Seljaskóla og Austurbergi til að ÍR fengi öflugan heimavelli í handbolta og körfubolta. Félagið tók yfir rekstur húsanna og síðar einnig

hús Breiðholtsskóla. Samið var um gerð fullkomins æfingavallar fyrir frjálsar íþróttir á svæði félagsins í Mjódd. Í síðari samningi var samið um að byggt yrði fjölnota knattús með aðstöðu fyrir innanhússæfingar í frjálsum og til viðbótar keppnishús í boltaíþróttum í Mjódd og loks fimleikahús í Efra-Breiðholti.

Alls verða þetta fjárfestingar fyrir um fimm milljarða og algjör umbylting á allri aðstöðu. Kannski lýsir það þó landlægrri tortryggni og vantrausti í garð borgaryfirvalda að það var meira en að segja það fyrir Ingigerði Guðmundsdóttur, öflugan formann félagsins, og Hjálmar Sigþórsson forvera hennar að standa með okkur að þessum samningum og verkefnum sem af þeim leiða. Það gerðu þau bæði með sóma. Við ákváðum að fimleikahúsið yrði einnig fyrir dans sem nýtur mikilla vinsælda í hverfinu og er vinnuheiti verkefnisins Dans- og fimleikahús Reykjavíkur – í Breiðholti.

Húsið verður staðsett á besta stað við Austurberg. Draumur minn er að Fjölbautaskólann í Breiðholti byrji með dansbraut en skólinn hefur náð miklum árangri með kennslu í myndlist og öðrum listgreinum á framhaldsskólastigi.

Einsleit félagsleg samsetning er arfur fortíðar í vissum götum Breiðholts. Það verður að horfast í augu við það. Góð félagsleg blöndun er því augljóslega svarið í framtíðinni. Í nýju hverfaskipulagi fyrir Breiðholt er hugsað fyrir þessu. Við viljum að stúdentaíbúðir risi í Efra- og Neðra-Breiðholti, viljum gjarnan að græn þróunarverkefni með íbúðarhúsnæði verði einnig að veruleika þar og opnum á stærri hús og íbúðir. Reisa á nýjan og öflugan leikskóla í Völvufelli í stað þriggja lítilla eininga sem verða sameinaðar. Þannig á að vinna gegn því að fátt fagfólk hefur fengist til starfa og að nánast einungis börn af erlendum uppruna eru í sumum skólunum.

Jafnframt hafa Félagsbústaðir og Reykjavíkurborg í hyggju að ráðast í róttækar breytingar í Jórufelli þar sem félagslegar íbúðir eru margar á einum stað. Efna á til skipulagssamkeppni og ekki er útilokað að hluta núverandi húsnæðis verði gjörbreytt eða það jafnvel rífið að einhverju leyti.

Að baki áherslunni á Breiðholt, fjárfestingunni og verkefnum þar býr hugsjón um aukinn jöfnuð og sérstaklega jöfn tækifæri barna og unglinga. Sú var ekki raunin í Breiðholti þegar ég var að alast upp í Árbænum. Fjöldi efnilegra krakka ólst þar upp. Þeir sem voru bestir í fótbolta voru allir dregnir í KR, Val, Viking eða Fram. Þeir lakari sátu eftir og árangurinn var í samræmi við það. Við unnum Leikni iðulega með meira en tíu marka mun.

Það var áfengislykt af þjálfaranum. Staðan var betri í handboltanum.

Líklega var það hinum góðu handboltahúsum að þakka. Það vantaði hins vegar margt í umhverfið til að styðja við þátttöku og árangur. Það er í mínum huga á ábyrgð borgarinnar að leggja sitt af mörkum til að breyta því. Í tölulegum gögnum hefur blasað við ár eftir ár að þátttaka barna og unglinga í góðu frístundastarfi er minni í Breiðholti en í öðrum hverfum. Margir töldu að þetta væri vegna mismunandi menningarheima og fjölda innflytjenda í Breiðholti.

Þegar prófað var að hafa íþróttir án endurgjalds fyrir yngstu hópana rauk þátttakan hins vegar upp. Ástæðan var meðal annars fjárhagsleg. Við höfum því ekki látið nægja að auka fjárfestingar heldur höfum sett af stað sérstakt verkefni, Frístundir í Breiðholti.

Þar veitum við aukna styrki og opnum á alls konar tilraunir til að auka þátttöku. Verkefnið er leitt af kraftaverkamanninum Þrání Hafsteinssyni. Ég er sannfærður um að það muni skila árangri og að Dans- og fimleikahúsið geti einnig skipt miklu máli þegar fram í sækir. Við hættem ekki fyrr en við höfum náð þeim árangri sem að er stefnt, að krakkar í Breiðholti gefi krökkum í öðrum hverfum ekkert eftir í þátttöku. Það er fátt sem stendur mér nær hjarta en einmitt þetta.“

Zonnic NIKÓTÍNÚÐI

HAGKVAEMUR KOSTUR
TIL AÐ HÆTTA AÐ REYKJA



zonnic® TAKTU STJÓRNINA!

Zonnic pepparmint munnholsúði inniheldur nicotin, 1 mg/úða, og er lyfið notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Ráðlagður skammtur er 1-2 úðar á þeim tíma þegar sigarettu væri venjulega reykt eða ef löngun gerir vart við sig. Úða skal munnholsúðanum á milli kinnar og tanna. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Nicinovum AB. NIC201204 – Desember 2020.

Þorsteins sögur Gíslasonar

- skráðar af Guðjóni Inga Eiríkssyni

Þorsteinn Gíslason var lengi til sjós en er íbúi á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ í Breiðholti í dag. Þorsteinn Gíslason fæddist í Reykjavík árið 1950. Hann útskrifaðist frá Loftskýtaskólanum 1968 og vann fyrst á eftir hjá Togaraafgreiðslunni, en fór síðan til sjós og starfaði þar við sitt fag, fyrst á Ögra, þá Vigra – var stutt á þeim báðum – og lengst af á Bjarna Benediktssyni. Svo var hann einnig á nokkrum fossum hjá Eimskipafélagi Íslands og fleiri skipum. Þú mættir alveg segja að. Guðjón Ingi Eiríksson bókaútfandi hitti Þorstein að máli en Þorsteinn er sögumaður góður. Þess bera að geta að þessar frásagnir hafa ekki komið áður fyrir sjónir lesenda. En gefum Þorsteini orðið.

Ég fór bara einn túr á Ögra og í það skiptið var aflinn seldur í Grimsby. Við fengum metverð fyrir fiskinn – settum meira að segja heimsmet – og var þess getið í fjölmiðlum, meðal annars í Grimsby News. Mynd af skipinu og skipstjóranum, Brynjólfi Halldórssyni, birtist að sjálfsögðu með greininni, enda voru þetta heilmikil tíðindi. Binni skipstjóri var eðlilega stoltur af þessu afreki og sýndi það ekki síst með því að koma með kassa af kampavíni um borð, opna allar flöskurnar og hella síðan úr þeim á gólfíð í borðsalnum. Svo var gólfíð skúrað upp úr kampavíninu. Þannig var áfanganum fagnað, en auðvitað gerðu menn ýmislegt fleira í því skyni, án þess að ástæða sé til að nefna það sérstaklega.

Binni skipstjóri er um margt einstakur maður. Hann var eitt sinn með fimm heyrnalaus eða heyrnarskerta háseta í áhöfn sinni á Ögra – hvaða skipstjóri annar hefði gert það? Ábyggilega enginn. En hann hugsaði í lausnum og þeir þróðu ákveðið samskiptamál sín á milli. Ennfremur gætti hann þess að hafa þá alltaf á sömu vaktinni svo að þeir gætu talað sín á milli á táknumáli og hefðu þannig stuðning hver af öðrum.

Eitt sinn, á vaktinni þeirra, tekur Binni eftir því að það er ekki einn einasti fugl á eftir skipinu. Það þýddi bara eitt: Aðgerðin var stopp. Hann fór og aðgætti

hvað þessu ylli. Sá þá sér til mikillar undrunar að þeir höfðu slíðrað hnifana og voru komnir í hörkurifriðli. Allt fór það fram á táknumáli svo þarna var heilmikill handgangur í öskjunni. Hann sagðist aldrei hafa komist að því hvert ágreiningsefni þeirra var, en þeir jöfnuðu sig þó fljótt og héldu áfram í stöfum sínum eins og ekkert hefði í skorist.

Sigurður Valur Sigurðsson, í seinni tíð afkastamikill teiknari, var háseti á togaranum Bjarna Benediktssyni þegar ég var loftskýtamaður þar. Hann átti erfitt með svefn og í eitt skiptið leitaði hann á náðir svefnlyfsins Truxal til að geta hvílst eftir erfiða vakt. Einn í áhöfninni var samkynhneigður og höfðu menn það stundum í flimtingum sín á milli, að hann myndi eflaust láta til skarar skrifa gegn einhverjum þeirra þegar tækifæri gæfist. Jæja, Sigurður Valur steinrotast af Truxalinu og við vaktaskiptin gengur hvorki né rekur að vekja hann. Þá segir Hafþór langi Magnússon, mikill galgopi og uppátækjasamur í meira lagi:

„Ég skal vekja hann.“ Hafþór langi fer síðan upp í klefa til Sigurðar Vals, sviptir af honum sænginni og grípur í klop hans, það var ekki að sökum að spyrja. Í svefnrofanum hélt Sigurður Valur að þarna væri samkynhneigði skipsfélaginn kominn. Varð honum svo mikið um það, að hann sveif eins og indverskur fakír lárétt fram úr rúminu. Það tók Sigurð Val dagóða stund að átta sig á því hver þarna væri að verki og létti honum þá mjög. Það skal hins vegar tekið fram að samkynhneigði skipsfélaginn okkar átti ekkert svona til.

Sigurður Steindórsson, stýrimaður á Bjarna Benediktssyni og síðar skipstjóri á Ottó N. Þorlákssyni, hafði litlar mætur á stjórnum Bæjarútgerðar Reykjavíkur, en hún var eigandi togarans, og hafði hann þetta um hana að segja:

„Þarna er einn skólastjóri, einn trésmiður, einn leikfimi-kennari og ein flugfreyja sem hálfsmánaðarlega hittast og samþykkja allt sem búið er að gera – og borða snittur!“

Því er svo við þetta að bæta

að skólastjórinn var Ragnar Júlíusson, trésmiðurinn Sigurjón Pétursson, leikfimi-kennarinn Kristján Benediktsson og flugfreyjan Sjöfn Sigurbjörnsdóttir.

Sigurður Steindórsson var stundum afleysingaskipstjóri á Bjarna Benediktssyni. Eitt sinn, út af Reykjanesi, dró hann nokkra morgna í röð 25 tonn í hverju holli og það ávallt af 25 faðma dýpi. „Hvernig ferðu að draga þetta?“ var hann spurður.

„Ég dreg þetta bara skuðhallt inn,“ svaraði Sigurður.

Við á Dettifossi vorum á leið til Nígeríu og farmurinn að sjálfsögðu skreið. Þegar siglt var yfir miðbaug hittist svo á að Jón Guðnason var að losa bolta úti á dekki og gekk það fremur brösuglega. Arni Beck yfirvélstjóri veitti þessu athygli og ákvað að stríða skipsfélagi sínum aðeins, gekk því til hans og sagði alvarlegur í bragði:

„Nú erum við komnir suður fyrir miðbaug og þá er skráfugangurinn öfugur.“

Þegar ég var á Langánni fórum við, nokkrir skipverjarnir, á dúndurfylleri í Póllandi. Morguninn eftir vaknaði ég svo skelþunnur og ræfilslegur til heilsunnar. Það fór ekki framhá Má Gunnarssyni stýrimanni, sem ráðlagði mér að taka inn þynnkupillu við þessu og rétti mér jafnharðan eina. Hún var að sjálfsögðu vel þegin eins og á stóð og hvarf ofan í mig um leið með ljúfum sopa af Elephant.

Í kjölfarið fór Már segja okkur frá indversku lekandaafbrigði, þrælbanvænu, sem herji nú á heimsbyggðina. Það lýsi sér í því að menn pissi bara grænu og séu svo dauðir innan sex klukkustunda, enda sé engin lækning til við því. Þetta vakti auðvitað athygli þeirra sem á hlustuðu, en allir vorum við þó sannfærðir um að þessi bráðdrepani sjúkdómur hefði ekki stungið sér niður á Langánni.

Þangað til ég þarf að míga. Þá er bunan úr mér skærgræn og augljóst að ég hef einhvers staðar á fyllirínu krækt mér í þessa veiru. Það beið mín því ekkert annað dauði og það innan skamms, aðeins örfárra klukkustunda.

Ég lét Má samstundis vita af þessu. Hann sýndi mér mikla samúð og sagðist ætla að skreppa í land og athuga hvort að ekki sé unnt að fá prest til að koma um borð og veita hinum sjúka stuðning á lokametrunum. Stuttu seinna kemur Már svo til baka og hefur með sér gamlan, sköllóttan karl með pottlok á hausnum.



Togarinn Bjarni Benediktsson siglir nýr til Reykjavíkur miðvikudaginn 17. janúar 1973. Hann var þá stærsti togari sem Íslendingar höfðu eignast.

Sem sagt: Kapólskan prest, sem reyndar talaði ekkert tungumál annað en pólsku. Már kvað það ekki koma að sök, sjálfur kynni hann talsvert í þessu tungumáli og gæti því gegnt hlutverki túls.

Svo byrja þeir að babbla eitthvað sín á milli, Már og sá kapólski. Allt í einu segir Már við hinn dauðvona:

„Hefurðu syndgað?“

„Já,“ svaraði ég og var eðlilega í talsverðu uppnámi. „Ég stal eitt sinn sjö æðarkollueggjum úr hreiðri.“

Már gefur prestinum það til kynna og flytur svo þau skilaboð frá honum að ég teljist stórsyndugur maður og ekki bara það, heldur væri skrattinn sjálfur búinn að ná tökum á mér og léti mig aldrei frá sér sleppa. Bætti því síðan við að ég ætti nú einungis eftir tvo tíma ólífað.

Þegar þarna er komið brotnaði ég gjörsamlega saman og fór að gráta. Gott ef ég fann ekki djöfulinn vera að krafsa í bersynduga sálu mína, en einmitt þá sagði Már og glotti hressilega: „Mansu eftir pillunni sem ég gaf þér í morgun.“

Ég jánkadi því. „Það var grænt litarefni í henni,“ hélt hann áfram og nú tók við skelli hlátur. Þá reis ég í orðanna fyllstu merkingu upp frá dauðum.

Ég fór einn túr á Snorra Sturlusyni og var siglt með aflann til Hull og hann seldur þar. Þegar lagt var af stað þaðan var ástandið á sumum skipsfélögumum frekar bágborið og lágu þeir nokkrir í boði Bakkusar í borðsalnum. Guðni Eyjólfsson háseti ákvað að stríða hinum áfengisdauðu aðeins, en svo hittist á að þeir voru flestir með falskar tennur. Hann var

ekkkert að tvínóna við þetta, heldur óð upp í þá og svissaði á tönnum. Tommi í vélinni, Tómas Oddsson, rumskaði fyrstur af þeim félögum. Hann fann strax, þrátt fyrir þynnuna, að falski gómurinn var eitthvað fyrirferðarmeiri en venjulega og tók hann því út úr sér. Virti hann vel fyrir sér, en fór síðan með hann niður í vélarrúmið, kveikti þar á smerglenum og „lagaði“ þann falska aðeins til svo að hann passaði betur í hlutverk sitt.

Varla þarf að taka það fram að Guðni fékk litlar þakkir frá þeim sem urðu fyrir barðinu á þessu uppátæki hans, en okkur hinum fannst þetta kvikindislega fyndið.

Björn Ólafsson var loftskýtamaður á Langá á undan mér. Hann var hreystimenni og hugsaði vel um heilsuna, var til dæmis með Bullworker-tæki með sér til sjós og pumpaði það tímum saman og svo tók hann lýsi – gúlsopa á hverjum degi.

Lýsið geymdi Björn í brúarvæng og sótti sér sopann þangað. Einhverju sinni ákvaðu óprúttir skipsfélagar hans að stríða honum og blönduðu laxerolíu saman við lýsið. Björn saup hressilega á sem fyrr og hafði varla lagt frá sér flöskuna þegar strókurinn stóð aftur úr honum. Fékk hann af þessu miklar magakvalir, en vissi þó ekkert af hverju þær stöfuðu. Bar hann sig afar illa þegar hann lýsti þeim fyrir skipstjóra sínum, Steinari Kristjánssyni, sem sýndi þó undirmanni sínum litla samúð og sagði þetta eitt: „Hva! Tekurðu ekki lýsi?“

Á togaranum Röðli frá Hafnarfirði höfðu menn þann sið um hríð að hengja smálúðu upp og búa til úr henni rykkling. Guðmundur Ólafsson skipstjóri fylgdist alltaf vel með þessu og í eitt skiptið, þegar hann hafði labbað aftur á keisinn, potað þar í rykklinginn, horft á skipin í kring og svo á endanum migið út af brúarvængnum fæddist þessi vísa:

Hann er að gá í hjallinn sinn, hann er að kjá í rykklinginn, hann er að spá um hin skipin, hann heldur á ská um titlinginn.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



NOON
HÁRSTOFA

5672077 HÓLMASELI 2, 109 RVK

GRÆNN IÐNAÐUR

Tökum vel á móti fram tíðinni

Markmið Landsvirkjunar er að styðja við og stuðla að nýjum og grænum orkutengdum tækifærum. Þannig leiðum við græna þróun til framtíðar.

Nánar á landsvirkjun.is/framtidin

Fjöldi barna sækir barnastarfið í Breiðholtskirkju



Börn af ýmsum þjóðernum hafa komið í barnastarfið í Breiðholtskirkju.

Nú líður að jólum og aðeins jólastund barnastarfsins eftir. Sunnudagaskólinn hefur verið á sama tíma og guðsþjónustur Breiðholtssafnaðar í allt haust. Vel hefur verið mætt á opna húsið á miðvikudögum kl. 16. Það er fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára. Börnin hafa komið sjálf eða verið sótt í Fristundaheimilið Bakkasel. Allt starfið er foreldrum að kostnaðarlausu. Aðeins þurfti að fella niður fáeinar stundir vegna Covid í haust.

Í opna húsinu er helgistund og hressing. Einnig kemur organistinn og leikur undir söng. Þá er farið í leiki eða fönndrað. Eftir áramót hefst sunnudagaskólinn 9. janúar og opna húsið miðvikudaginn þar á eftir. Eftir áramót er á dagskrá að bjóða foreldrum og forráðamönnum á opna húsið. Það verður betur kynnt síðar.

Fjölbreytivika í félagsmiðstöðvunum

Félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti voru með fjölbreytileikaviku á dögum og vakti það mikla lukku. Það sem var gert í þessari viku var kahoot um hinsegin málefni, popp quiz með hinsegin flytjendum og fagnað var fjölbreytileikanum með því að mála hinsegin fána og gera músastiga í allskonar litum.

Allir skólarnir í Breiðholti tóku þátt í Skrekk í nóvember og stóðu sig mjög vel. Fellaskóli og Seljaskóli komust í úrslit að þessu sinni og endaði Fellaskóli í 2. sæti og er það í fyrsta skipti sem Fellaskóli fær verðlaun í Skrekk.

Núna í desember mun dagskráin í félagsmiðstöðvunum einkennast af jólastemmningu. Haldin verða jólabingó, jólaföndur, jólaskreytingar, jólabíó og margt fleira skemmtilegt. Það er opið hjá okkur alla daga nema rauða daga og geta unglíngarnir því komið til okkar þótt að það sé lokað í skólunum.

Félagsmiðstöðvarnar eru komnar með íþróttahús tvisvar sinnum í viku þar sem unglíngar úr öllum skólum í Breiðholti, 8. – 10. bekk er velkomið að taka þátt. Við erum í knattúsi ÍR á þriðjudögum og íþróttahúsinu í Breiðholtsskóla á fimmtudögum.

Þessi haustönn hefur gengið mjög vel hjá



Frá fjölbreytivikunni.

félagsmiðstöðvunum og hefur mæting verið frábær og vonumst við að sjálfsgöðu til þess að áframhald verði á því.

Að lokum óska starfsfólk félagsmiðstöðvanna öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Jólafatadagur í Hólabrekkuskóla

Jólafatadagur eða jólahúfudagur var í Hólabrekkuskóla fimmtudaginn 9. desember.

Rauð föt, jólapeysur, lopapeysur, lopasokkar og jólasveinahúfur voru á

meðal þess sem nemendur klæddust. Allir vildu vera umhverfisvænir og nýta það sem til var á heimilum. Allir nemendur fengu síðan mandarínur og piparkökur.

Jólasveinahúfur voru víða á höfðum á jólafatadeginum.



Jólagledi home&you

Þú færð jólagjafirnar hjá okkur!



Við munum hjálpa þér að búa til draumarýmið þitt - notalegt svefnherbergi, hagnýtt eldhús og aðlaðandi stofu. Hjá okkur geturðu raðað á heimilið eins og hentar þér best!

home-you.is • Skeifan 11

home & you®



Jæja, nú gerðum við Pétur glaðan!

Séra Pétur Ragnildarson skrifar Jólahugvekja í Breiðholtsblaðið

Aðventan og jólin eru sérstakur tími í huga mínum sem mér þykir ákaflega vænt um. Flest eigum við ýmsar hefðir sem við höldum fast í á þessum árstíma. Margar fjölskyldur hittast til þess að baka smákökur eða skera út laufabrauð, fólk fer á jólatónleika, á aðventukvöld í kirkjum, horfir á sömu jólamyndina ár eftir ár og fleira. Allt samfélagið tekur þátt í því að undirbúa jólin og er nánast hvergi hægt að fara án þess að taka eftir jólaskrauti og ljósum sem lýsa upp skammdegið.

Aðventan flytur með sér ákveðna helgi. Stemningu sem hefur áhrif á okkur og kemur okkur í snertingu við það sem skiptir máli í tilverunni. Við viljum einbeita okkur að því að hlúa að því sem er uppbyggilegt og gott, sinna fjölskyldum okkar, vinum og samferðafólki. Þegar ég hugsa um mínar æskuminningar tengdum aðventu og jólum kemur einmitt þessi hátíðleiki svo sterkt í huga minn.

Þegar ég var í menntaskóla var okkur eitt sinn falið að undirbúa litlu jólin fyrir bekkinn og var nemendum skipt upp í hópa og var úthlutað ýmsum verkefnum. Einhverjum úr nemendahópnum var falið að skreyta stofuna, aðrir áttu að finna til jólatónlist, koma með smákökur og fleira. Ég var í hópi þeirra sem átti að vera með skemmtiatriði. Í hópnum voru góðir vinir mínir sem vildu endilega taka upp myndband og leika jólaguðspjallið sem átti svo að sýna fyrir nemendahópinn. Mér leist ekki alveg nógu vel á blikuna þegar ég gerði mér grein fyrir því að félagar mínir ætluðu sér að gera þvílíka grínútgáfu af sögunni og gera lítið úr ýmsum

þáttum hennar. Ég vissi ekki alveg hvað ég átti til bragðs að taka þar sem ég gat ekki hugsað mér að taka þátt í að gera þannig útgáfu. Mér sem þótti svo vænt um söguna um hin fyrstu jólin, ég vildi alls ekki hafa hana í flimtingum. Til þess að koma í veg fyrir áætlun þeirra fékk ég þá hugmynd að taka að mér sem flest hlutverk þegar kom að gerð myndbandsins. Ég skrifaði handritið, var myndatökumaður, klippti myndbandið og fleira. Þegar við frumsýndum myndbandið var þetta orðið að þessu líka fina helgimyndbandi sem gerði jólaguðspjallinu góð skil á skemmtilegan hátt. Eftir að hafa horft saman á myndbandið leit einn félaginn úr hópnum á mig og sagði: Jæja, nú gerðum við Pétur glaðan!



Pétur Ragnildarson.

Kæru vinir, jólin eru í nánd!

Á aðventu og jólum erum við minnt á að hugsa um náungann. Við erum hvött til að gleðja hvert annað með gjöfum og við erum hvött til að styrkja góð málefni, gefa fátækum og hjálpa þeim sem eiga bág. Leyfum boðskapnum um Jesú barnið sem fæddist inn í þennan heim með kærleika sinn og frið að hafa áhrif á líf okkar.

Prestar, djáknar og starfsfólk kirknanna í Breiðholti óska ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Við vonumst til að sjá ykkur sem flest í kirkjunum okkar um jólin.

Ómótstæðilegir fimmaurabrandarar frá Hólum

Út var að koma hjá Bókaútgáfunni Hólum í Breiðholti bókin **Fimmaurabrandarar 3** sem unnin er upp úr smiðju hins vinsæla Fimmaurabrandaraffelags. Hér á eftir verður gripið í bókina.

Ætlaði að semja brandara um IKEA en er enn að setja hann saman.

Hvernig bragð er að stafasúpu? Nú, auðvitað orðbragð.

Hatið þið það ekki þegar fólk spyr spurninga og svarar þeim sjálf?

Ég geri það.


Ætli gæinn, sem fann upp orðatiltækið „one hit wonder“, hafi komið fram með annað vinsælt orðatiltæki?

Hvar lærði Jesús að ganga á vatni?

Í Krossá.

Nú eru allir að tala um hringrásarhagkerfið; endurnota, endurnýta, endurvinnna.

En vilja endurnar þetta endilega?



Ef skilvindan bilar, verður mjólkinn þá misskilin?

Ég hellti óvart G-mjólk í sófann og það kom g-blettur.

Nær maður þessu úr með því að nudda hann?

Ef maður gengur þá hleypur maður ekki í spik.

Ég er að spá í að smíða mitt eigið sjónvarpstæki. Hvar ætli maður geti keypt sjónvarpsefni?

HÓLAGARÐUR

- Persónuleg þjónusta í vinalegu umhverfi -



HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

Staða frístunda- verkefnisins í Breiðholti

Verkefnið frístundir í Breiðholti var sett af stað þegar fyrir lá að virkni barna og unglunga var töluvert lægri en í öðrum hverfum borgarinnar. Metnaðarfull áætlun var sett af stað sem fólst í því að kynna íþróttir og frístundir fyrir öllum sem koma að börnum og unglungum og aðstoða alla sem þurfa við skráningar o.þ.h.



Heildstæð kynningaráætlun:

- Kynning fyrir skólastjórnendur og stjórnendur frístundastarfsins.
- Kynning fyrir kennara skólanna hvernig við gætum átt samstarf um að koma öllum börnum í íþróttir og frístundir, hlutverk kennara skýrt sérstaklega.
- Samtal við þá aðila sem standa að starfi fyrir börn og unglunga um það hvernig við getum tekið á betur á móti öllum.
- Bæklingur um íþróttir og frístundir sendur á alla foreldra.
- Farið í alla bekkir grunnskólanna með bæði kynningu á íþróttum og frístundum í Breiðholti. Samtal við nemendur um þeirra þátttöku og einnig af hverju þau taka ekki þátt. En einnig að ræða hvaða hugmyndir þau hafa til að auka á þátttöku. Auk þess gerðum við könnun til að skoða þátttöku, sem ég kem að á eftir.



Jóhannes
Guðlaugsson.

Eftir að farið var af stað bættum við öðrum aðgerðum s.s.:

- Sendiherrar í Breiðholti, sem hefur það að markmiði að tengjast lykilaðilum í menningar málsamfélögum í Breiðholti (innflytjendasamfélög) og halda fundi með þeirra hópum til að kynna íþróttir og frístundir. Auk þess styður „Velkomin í hverfið“ og fleiri verkefni við áætlunina.
- Kennarar, félagsráðgjafar og sálfræðingar hafa leitað til okkar til að hjálpa börnum og unglungum til að komast í íþróttir og frístundir. Við förum til að aðstoða viðkomandi og leiðbeinum til að taka þátt. Með þessum aðgerðum getum við séð hvað við þurfum að gera og við bregðumst við. Skólastjórnendur, kennarar og starfsmenn frístundar hafa verið sérlega hjálplegir og sýna verkefninu góðan skilning. Þeir hafa þar að auki komið með góðar ábendingar og haft frumkvæði að því hvernig best er að vinna að því að auka á þátttöku.

Við sjáum, með könnuninni sem áður var nefnd, að vísbendingar eru um að þátttaka er að aukast verulega. Við erum t.d. að setja af stað nokkur verkefni sem beðið er um eins og Gym-hópar fyrir unglunga, teiknínámskeið (Anemie) fyrir börn og unglunga og íþróttahópur sem hefur hafið göngu sína fyrir þá sem vilja æfa án þess að keppa.

Allt hefur þetta áhrif og við erum þess fullvissa að við getum nýtt okkur þann meðbyr sem það hefur að ræða við hvern og einn um það sem þau vilja gera. Við þurfum öll að hjálpast að við að gera hverfið okkar að því sem við viljum að það sé. Allir þurfu að vera með í því!

Jóhannes Guðlaugsson.
Frístundatengill í Breiðholti.



NOON
HÁRSTOFA

5672077 HÓLMASELI 2, 109RVK

Getraunarnr. 111



www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Leiknir opnaði Verslunarmiðstöð

Góð tíðindi úr Efra Breiðholti, segir á heimasíðu Leiknis því nú þurfi ekki að fara langt yfir skammt. Allir sannir stuðningsmenn Leiknis og aðrir geti nú verslað með einum smell á netinu.

Þannig megi sleppa við innflúensur og annan ósóma í fjölmönnum verslunarkjörnum segir í fréttinni og bent er á að Verslanamiðstöð Leiknis sendi vörur hvert sem er í Breiðholti, ef verslað er fyrir meira en 10.000 krónur. Leiknir hvetur stuðningsmenn sína til að styður við sitt lið og styrkja um leið góðan málstað og íþróttaiðkun barna.



Óttar Bjarni snýr heim

Það er með mikilli gleði sem Leiknir tilkynnir um endurkomu Óttars Bjarna Guðmundssonar í Stolt Breiðholts.

Koma Óttars styrkir öflugan varnarleik Leiknis enn frekar fyrir næsta

tímabil í efstu deild. Allt Leiknisfólk fagnar heimkomu Óttars sem hefur fyrir löngu sannað sig sem mikill leiðtogi og framúrskarandi varnarmaður.



Laugarnar í Reykjavík



Jólasund



Afgreiðslutími sundstaða um jól og áramót 2021 – 2022

	Þorláksmessa 23. des	Aðfangadagur 24. des	Jóladagur 25. des	Annar í jólum 26. des	Gamlársdagur 31. des	Nýársdagur 1. jan
Árbæjarlaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Breiðholtslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Dalslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Grafarvogslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Klébergslaug	11.00-18.00	10.00-13.00	Lokað	11.00-18.00	10.00-13.00	12.00-18.00
Laugardalslaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Sundhöllin	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Vesturbæjarlaug	06.30-18.00	06.30-13.00	Lokað	12.00-18.00	06.30-13.00	12.00-18.00
Ylströnd	11.00-15.00	Lokað	Lokað	Lokað	Lokað	11.00-15.00
Húsdýragarður	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00	10.00-16.00



Nánar á www.itr.is



Matthías vann verðlaun í Finnlandi



Matthías Stefánsson á verðlaunapalli í Orimatilla.

Matthías Stefánsson júdómaður vann til silfurverðlauna á Judo Baltic Sea Championships sem haldið var í Orimatilla í Finnlandi. Keppendur á mótinu voru rúmlega 400 talsins frá 14 þjóðum. Judo Baltic Sea Championships er afar sterkt mót en Matthías barðist hrikalega vel og er heldur betur ljóst að framfarir hans séu miklar á stuttum tíma.

Góður endir á árinu sem er að líða en á nýju ári verða nóg af spennandi verkefnum hjá honum í íþróttinni. Fyrst á dagskrá eru æfingabúðir í Svíþjóð en Matthías mun fjúga út á nýársdag 1. janúar þar sem hann mun vera fyrstu fimm daga ársins að æfa með landsliðum Norðurlandanna.

Áfram Matthías!

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



ÁFRAM ÍR

Níu ÍR-ingar valdir í yngri landsliða KKÍ

Níu leikmenn ÍR voru valdir í hópa yngri landsliða KKÍ sem tilkynntir voru nú í byrjun desember og óskum við þeim til hamingju með valið.

Margir yngri flokkar ÍR hafa náð glæsilegum árangri það sem af er vetrar og ljóst að fleiri leikmenn bönkuðu á landsliðsdyrnar þó þeir hafi ekki verið valdir í þetta skiptið. Árangurinn kemur ekki af sjálfu sér og ljóst að leikmenn hafa lagt mikið á sig til að ná þessum árangri, sem og allir þeir sem að yngri flokka starfinu koma. Kærar þakkir til ykkar allra fyrir ykkar framlag.

Áfram ÍR, segir á facebooksíðu körfuknattleiksdeildar ÍR



GETRAUNANÚMÉR ÍR

109

GETRAUNIR.IS

B&T

RÉTTING & SPRAUTUN

578 5070

Skemmuvegi 44m · Kópavogi · www.bilarogtjon.is

Bestu óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár. Þökkum viðskiptin á árinu.

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Tölvu- og tækniþjónusta í yfir 15 ár

- Gagnabjörgun og afritun
- Microsoft 365 sérþæðingar
- Teams og Outlook umsjón
- Vefsíðugerð og hýsing



Parabakki 3, Mjódd
Sími: 787 4050
www.togg.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Símar allan sólarhringinn:

581 3300 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er



Sverrir Einarsson

www.utfarin.is



SÍÐAN 1996

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



NÝ RÍKISSTJÓRN – NÝTT ÞRÍEYKI!



5.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundin
skáldverk



„Meistaraverk ... sennilega
besta íslenska spennubókin
í ár.“

Steinþór Guðbjartsson,
Morgunblaðinu



1.

Metsölulisti
Eymundsson
Allar
bækur



Steinþór Guðbjartsson,
Morgunblaðinu

„Bók sem grípur lesandann
heljartökum. ... glæsilega fléttuð
svo tíminn hreinlega hverfur í
höndum lesandans.“

Björn Þorláksson,
Fréttablaðinu



Tilnefnd til Blóðdropans sem
besta íslenska glæpasagan



3.

Metsölulisti
Eymundsson
Innbundin
skáldverk



Steinþór Guðbjartsson,
Morgunblaðinu

„... geirneglir lesandann frá
fyrstu síðu. Engin leið að leggja
bókina frá sér.“

Björn Þorláksson,
Fréttablaðinu

Þriðja **besta** íslenska skáldsaga
ársins að mati bóksala!